

Þingsályktun

um skipan nefndar er geri úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta fara fram úttekt á kjörum og stöðu fólks er stundar nám fjarri heimabyggð. Sérstaklega verði athugað:

1. hvort námsfólk, er stundar nám fjarri heimabyggð, verði af réttindum og félagslegri þjónustu ef það heldur lögheimili í heimabyggð og Lánasjóður íslenskra námsmanna taki sérstakt tillit til slíkra aðstæðna,
2. hvaða kostnaður hlýst af dvöl nemenda sem stunda nám í grunn- og framhaldsskólum og búa í heimavistum eða leiguhúsnæði fjarri heimabyggð.

Samþykkt á Alþingi 24. febrúar 1995.